

Greinargerð hafnarstjóra með 6 mánaða uppgjöri

Sex mánaða uppgjör Faxaflóahafna sf. árið 2013 ber með sér að tekjur eru umfram það sem áætlað hafði verið en að rekstrargjöld eru innan áætlunar. Rekstrarhagnaður fyrir tímabilið janúar til og með júní er meiri en áætlað hafði verið, en að teknu tilliti til vaxta, verðbóta og gengis er rekstrarafgangur jákvæður um 149,2 mkr.

Tekjur.

Tekjur eru miðað við áætlun 136,0 mkr. yfir því sem áætlun gerir ráð fyrir en þar vegur þyngst auknar tekjur af vörugjöldum, skipagjöldum og hafnarþjónustu. Varðandi vörugjöldin þá skýrist betur þegar líður á árið hvort sú aukning sem er í flutning skili sér að fullu út árið. Varðandi skipagjöldin og hafnarþjónustuna felst hækkun tekna í að stærri skip, einkum skemmtiferðaskip, hafa komið til hafnar. Aflgjöld eru í meginatriðum skv. áætlun svo og eignatekjur.

Rekstrargjöld.

Heildar rekstrargjöld eru vel innan áætlunar fyrstu 6 mánuði ársins og ættu því í árslok að vera í heildina innan áætlunar. Undir skrifstofu- og stjórnunarkostnaði eru nokkrir liðir umfram áætlun og þeir helstu skýrslugerð vegna umhverfismála á Grundartanga sem færðist að mestu á árið 2013 og kostnaður vegna markaðsmála.

Fjármagnsliðir.

Vaxtatekjur eru í samræmi við áætlun ársins svo og vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur. Útlit er fyrir að í meginatriðum verði þróunin til áramóta í samræmi við fjárhagsáætlun.

Sjóðsstreymi.

Framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf. eru í meginatriðum í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Verksamningi um lengingu Skarfabakka er um það bil að ljúka og verksamningi um gluggaskipti í Bakkaskemmu er lokið. Innréttingar 2. áfanga í Bakkaskemmu hafa verið boðnar út og ráðgert að verktaki hefji framkvæmdir þar í ágústmánuði. Tilboð hans nam 121,3 mkr. með vsk. Samþykkt var að bjóða verkið út á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 17. maí s.l. Verkefnið kemur í stað gatnagerðar á svæðinu utan Klepps en sú tilfærsla mun ekki duga að fullu á móti kostnaði. Þá hafa stálþilskaup á Grundartanga verið boðin út og miðað við afhendingu og greiðslu stálþilsins á síðustu vikum ársins. Loks má reikna með að kostnaður vegna framkvæmda við vatnsveitu á Grundartanga hækki framlag til vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar um 5 – 10 mkr. Í árslok kann því kostnaður vegna eignabreytinga að verða eilítið hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Á fyrri hluta ársins var engri lóð úthlutað hjá Faxaflóahöfnum sf. en gert var í áætlun ráð fyrir úthlutun á einni lóð.

Áætlun ársins 2013 gerir ráð fyrir lækkun á handbæru fé en eins og staðan er á miðju ári hækkaði handbært fé um 132,6 mkr.

Efnahagur.

Veltufjármunir og skammtímaskuldir eru hvoru tveggja eilítið hærri en í árslok 2012. Hækkun veltufjármuna, þ.e. viðskiptakrafna skýrist af útistandandi reikningum vegna skipakoma, en hækkun skammtímaskulda skýrist fyrst og fremsts af því að arðgreiðslur til eigenda hafa verið bókfærðar en voru ógreiddar eigendum í byrjun júlímánaðar.

Niðurstaða tekna og rekstrar fyrstu sex mánaða ársins er almennt viðunandi miðað við fjárhagsáætlun ársins. Ekki verður annað séð en að í árslok eigi staða fyrirtækisins að verða í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Reykjavík 12. ágúst 2013
Gísli Gíslason, hafnarstjóri